

Föstudaginn 12. janúar 1990.

Nr. 240/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ágústi Liljan Sigurðssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Bifreiðar. Umferðarlög. Ómerking að hluta. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málf lutning fyrir Hæstarétti var þess krafist til vara af hálfu ákærvalds með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 120/1989 9. þ.m., að komi til ómerkingar á málsmeðferð og heimvísunar, taki hún aðeins til ákæruefnis 2. töluliðar ákæru, en málið verði að öðru leyti dæmt efnislega samkvæmt aðalkröfu.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði einungis dæmdur fyrir brot samkvæmt 1. lið ákærunnar í svo væga refsingu sem lög frekast leyfa, en ákvæði héraðsdóms og málsmeðferð varðandi 2. lið ákærunnar verði felld úr gildi.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem 2. liður ákæru máls þessa tekur til, var rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af þessum þætti málsins, á meðan hann var til meðferðar hjá lögreglu. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, að bæjarfógetanum

í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, að því er varðar 2. lið ákærunnar, og vísa málinu að því leyti heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Sannað er með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann ók bifreiðinni Ö-11479 hinn 23. september 1988 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum leið þá, sem lýst er í 1. lið ákærunnar. Ók hann aftan á bifreiðina R-44205, sem var kyrrstæð á Miklubraut austan Lönguhlíðar í Reykjavík. Varðar þetta atferli ákærða við 3. mgr. 14. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Með hliðsjón af 100. gr. umferðarlaga og sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt, og ber að árétta þá sviptingu, sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Dæma ber ákærða til að greiða helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Keflavíkur, að því er varðar 2. lið ákæru, eru felld úr gildi og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 30.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Bæjarfógetinn í Keflavík fer með dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn í Keflavík. Ég tel því með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989, að bæjarfógetanum og fulltrúanum, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi borið að víkja sæti í málinu. Því tel ég, að fella beri hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meirihluta dómara. Ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að taka afstöðu til efnis málsins að því leyti, sem um það verður dæmt samkvæmt atkvæði meirihluta dómara, og er ég samþykkur því.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í skadómsmálinu nr. 88.2735: Ákærvaldið gegn Ágústi Liljan Sigurðssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 14. desember sl., á hendur „Ágústi Liljan Sigurðssyni, Melteigi 10, Keflavík, fæddum 2. nóvember 1964 á Saudárkróki, fyrir að aka bifreiðum tvisvar sinnum á árinu 1988, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 23. september bifreiðinni Ö-11479 frá Keflavík til Reykjavíkur og fyrir að aka bifreiðinni þar svo óvarlega vestur hægri akrein Miklubrautar við Lönguhlíð, að bifreiðin lenti aftan á bifreiðinni R-44205, sem þar hafði verið stöðvuð.

2) Laugardaginn 5. nóvember bifreiðinni G-2192 frá heimili sínu um götur í Keflavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., en auk þess telst liður 1 varða við 3. mgr. 14. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Föstudaginn 23. september sl. var bifreiðinni Ö-11479 ekið vestur Miklubraut í Reykjavík á hægri akrein með þeim afleiðingum, að hún rakst á bifreiðina R-44205, sem þá var kyrrstæð, þar sem umferð fyrir framan hana hafði stöðvast. Vegna grunar um ölvun var ökumaður bifreiðarinnar Ö-11479, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fluttur á aðalstöð lögreglunnar í Reykjavík, þar sem tekin var af honum skýrsla. Aðspurður kvaðst ökumaður hafa verið sviptur ökuréttindum ævilangt 1981. Ákærði var látinn gangast undir öndunarsýnispróf, sem gaf til kynna, að hann hefði neytt áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið vodka í bifreiðinni sl. tvær klukkustundir, en neitaði að svara því, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem úr honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar, og reyndist niðurstaða rannsóknarinnar vera sú, að alkóhólmagn í blóði hans væri 2,02‰.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið í umrætt sinn bifreiðinni Ö-11479 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt svo óvarlega vestur hægri akrein Miklubrautar, að bifreið hans lenti aftan á bifreiðinni R-44205.

Laugardaginn 5. nóvember sl. stöðvaði lögreglan í Keflavík bifreiðina G-2192, þar sem henni var ekið norður Hafnargötu, og ákvað að kanna ástand ökumanns, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Í viðræðum við ökumann fundu lögreglumenn áfengisþef leggja frá vitum hans, og var hann látinn gangast undir öndunarsýnispróf, sem gaf til kynna, að hann hefði neytt áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið ½ flösku af vodka og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði var því næst færður á lögreglustöðina í Keflavík og tekin af honum skýrsla. Að því loknu kom læknir og tók blóðsýni úr ákærða til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú, að alkóhólmagn í blóði hans var 1,60‰.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið í umrætt sinn bifreiðinni G 2192 frá heimili sínu um götur í Keflavík undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnargötu.

Með viðurkenningu ákærða á áfengisneyslu og niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, sem hvort tveggja er stutt öðrum málsgögnum, er sannað, að ákærði hefur framið verknað þann, sem greinir í ákæru, og varðar hann við þar greind ákvæði.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 5.12.1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- „1981 Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 27/4 1981.
- 1981 6/4 Sátt: 600 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl. og 157. gr. hgl.
- 1981 30/12 Dómur: 45 daga fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 244. gr. s.l., 25. og 27. gr. umfl.
- 1982 10/5 Sátt: 5.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. og 1. mgr. 257. gr. hgl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 10.5.1982.
- 1982 15/9 Dómur: 2 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1982 7/10 Dómur: 3 mán. fangelsi skb. í 3 ár f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1983 3/1 Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umfl. og 244. gr. hgl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/1 1983.
- 1983 27/4 Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1983 8/11 Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. og 157. gr. og 244. gr. hgl.
- 1984 31/7 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. og 248. gr. hgl.
- 1985 21/3 Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 157. gr. hgl., 4. gr., 25. gr. og 27. gr. umfl. Hegn-auki.
- 1985 4/1 Dómur: Sakfelldur f. brot g. 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. umfl. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1985 16/4 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 48. gr., umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 19/4 1985.
- 1985 17/9 Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 248. gr. hgl., 244. gr. s.l., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl.
- 1986 7/10 Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1987 8/1 Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1988 19/1 Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 248. gr. hgl.“

IV.

Refsing ákærða samkvæmt 100. gr. umfl. nr. 50/1987 og með tilvísun til fyrri umferðarlagabrota þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Með dómi 16.4.1985 var ákærði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 19.4.1985, og verður honum því ekki gerð frekari svipting ökuréttinda.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
